



Þóra Þorbergsdóttir til heimilis á Dvalarheimili aldraðra Hjallatúni í Vík, hjá Íslandskortinu sem hún gaf Hjallatúni í lok ágúst s.l. í tilefni af 90 ára afmæli hennar.

Eg vildi' ekki færa þér visnaða grein en viljinn þó gjörir ei kraftaverk nein og pappír í blómskrúð ei breytir. En vorsólin ein getur vakið þér rós því vorsólin kveikti það ylhýra ljós. Ber vorroða vanga þinn skreytir.

Eg ætla' ei að kveða nein afmælisljóð en aðeins að benda þér, vina mín góð, á blómið sem blaðið mitt geymir –: Á meðan að æskan oss brosir sem blóm

þá birtist oss sorgin sem reykur og hjóm og lífið og ljósið oss dreymir.

Þótt vorið nú ríki um lög og um láð er lífið þó sums staðar skugganum háð og gríma á einstaka glugga. En þeim, sem á barnsglaða' og bjart-sýna lund, þeim brosir æ lífið sem hásumarstund, og jafnvel í skammdegisskugga.

Höfundur: Gísli Jónsson

VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 & 8917810 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á miðvikudagsmorgnum

Hársnyrting.

Verð með alla almenna hársnyrtingu á Klausturhólum, dagana 18. til 22. september n.k. Munið að panta tímanlega, í sínum 4874636/8928453 eða á netfangi jss@smart.is

Með bestu
kveðju Jóna

Kæru íbúar Skaftárhrepps,

Nú hef ég látið af störfum sem verkefnisstjóri Skaftárhrepps til framtíðar. Ég þakka ykkur kynnin, áhugaverðan tíma og að leyfa mér að vera hluti af góðu samfélagi.

Ég er þess fullviss að þrátt fyrir dreifða byggð á stóru landsvæði og hræringar í sauðfjárrækt, fækkun mjólkurframleiðenda og áhrifa sterkrar krónu á ferðaþjónustu þá mun byggðin dafna til framtíðar. Þið hafið allt sem þarf til að eflast ef innviðirnir eru góðir. Sérstaklega þegar ríkisvaldið tekur á sig rögg og bætir afhendingaröryggi raforku með því að leggja þriggja fasa sem víðast. Með því koma bætt fjarskipti og svo verður sett fé í samgöngur. Er það ekki?

Nú er ég orðin hluti af stórum hópi sem ber hlýjan hug til Skaftárhrepps og er tilbúin að leggja ykkur lið eftir megni í framtíðinni.

Eirný Vals



Mýrdalshreppur

Við leikskóla Mýrdalshrepps í Vík eru lausar til umsóknar tvær 100% stöður leikskólakennara:

Vakin er athygli á að ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða leiðbeinendur ráðnir í starfið.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun skv. kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Leikskólinn í Vík er tveggja deilda leikskóli með um 32 börn á aldrinum 1 - 5 ára.

Nánari upplýsingar veitir:

Guðný Guðjónsdóttir S. 487 1241 - 866 5261 netfang: gudney@vik.is



Verkalýðsfélag Suðurlands auglýsir:

Almennur félagsfundur verður haldinn í sal Suðurlandsvegur 1-3 (kjallari) fimmtudaginn 21. september 2017 kl:20:00

1. Kosning fulltrúa á 6. þing SGS dagana 11-12. október 2017
2. Önnur mál

Stjórnin

VILT ÞÚ VERA SÍMAVINUR HJÁ RAUÐA KROSSINUM?

Símavinir eru nýtt verkefni hjá Rauða krossinum sem stuðlar að því markmiði að rjúfa félagslega einangrun og koma á móts við stærri hóp en hingað til hefur verið mögulegt. Sjálfbóðaliðar hringja **1-2svar í viku** í símavin og spjalla.

Stutt samtalið getur skipt sköpum í lífi fólks og markmiðið er að vera til staðar, hlusta og rjúfa eða draga úr félagslegri einangrun.

Rauði krossinn

Fimmtudaginn 21. sept. klukkan 18:00 - 20:00
verður námskeið fyrir síma vini í Vík. Skráning hjá rima@vik.is
Training course will be held in Vík on 21. September
18:00 – 20:00. Sign up at rima@vik.is